

GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR

Ljós og skuggar í sögulegri sagnagerð Madame de Lafayette eða hin ósagða saga um greifann af Tende

Á valdatíma Loðvíks 14. á síðari hluta sautjándu aldar urðu sögulegar smásögur vinsæl bókmenntagein og sóttu efnivið sinn til nýliðinnar sögu nær og fjær.¹ Þar á meðal voru smásögur og sagnabálfar sem fjölluðu um sögulegar persónur og atburði úr trúarbragðastríðunum sem geisðu í Frakklandi á sextándu öld, þegar franska krúnan stóð í blóðugum átökum við mótmælendur annars vegar og öfgasinnaða kaþólikka hins vegar. Undirtónn í þessum sögum er harmrænn, enda voru þær skrifaðar fyrir lesendur af aðalsstétt og hafa að sögu sviði endalok lénveldisins þegar einveldi var að festa sig í sessi.² Hér verður rýnt í nokkrar birtingarmyndir trúarbragðastríðanna í sögulegu smásögunni *Greifynjan af Tende* eftir Madame de Lafayette (1634–1693) sem nýlega kom út í íslenski þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur.³ Sagan verður sett í samhengi við smásöguna *La Princesse de Montpensier* (1662) og sögulegu nóvelluna *La Princesse de Clèves* (1678) eftir sama höfund sem báðar teljast með merkustu bókmenntaverkum sautjándu aldar. *La Princesse de Montpensier* er fyrsta sögulega smásagan sem rituð var í Frakk-

¹ Um sögulegu smásöguna á sautjándu öld, sjá Christian Zonza, *La Nouvelle historique en France à l'âge classique (1657–1703)*, París: Honoré Champion, 2007.

² René Démonis, „Les Guerres de Religion dans la nouvelle historique entre 1660 et 1680“, *La Mémoire des guerres de Religion. La Concurrence des genres historiques (XVI^e-XVIII^e siècles)*, rittstjórar Jacques Berchtold og Marie-Madeleine Fragonard, Genf: Droz, 2007, bls. 251–266, hér bls. 266.

³ Madame de Lafayette, „Greifynjan af Tende“, *Fríða og dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, þýðandi Ásdís R. Magnúsdóttir, rittstjóri Kristín Guðrún Jónsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan, 2022, bls. 183–198. Bókin var tilnefnd til íslensku þýðingaverðlaunanna.



Ritid
1. töl. 25. árg. 2025 (49-60)
Ritrynd grein

© 2025 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.4
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

landi og *La Princesse de Clèves* er gjarna talin vera fyrsta franska nútímaskáldsagan. Allar sögurnar þrjár gerast við hirðir síðustu Valois-konunganna á tímum trúarbragðastríðanna, um hundrað árum fyrir ritunartíma þeirra.

Margt hefur verið skrifað um fagaðan stíl skáldkonunnar sem fjallar um ástir og afbrýði á harmrænan hátt og hafa sögurnar verið túlkaðar sem varnaðarorð til ungra kvenna í ljósi þess að ástir söguhetjanna utan hjónabands draga þær til dauða og verða þeim til ævarandi skammar.⁴ *Greifynjan af Tende* kom út árið 1718, að höfundi látnum. Ástæða þess hefur verið talin sú að höfundur hafi ekki metið söguna þess verða að vera gefin út og er það byggt á bréfi hennar til vinar síns þar sem hún segir óþarft að hann sé að endurskrifa þessa stuttu sögu,⁵ en frægt er að Madame de Lafayette skrifaði verk sín í samvinnu með vinum sínum, rithöfundunum Gilles Ménage og François de La Rochefoucauld.⁶ Hér verða færð rök fyrir því að Madame de Lafayette hafi kosið að bendla ekki vin sinn við frásögn úr trúarbragðastríðinu sem kallar fram minningu um hetjudáð sem við myndum í dag kenna við borgaralega óhlýðni. Skáldskaparfræðileg greining á frávikum höfundar frá sögulegum staðreyndum leiðir í ljós að eitt af því sem fyrir henni hefur vakað, hefur verið að minnast kvenna og afreka sem dæmd höfðu verið til gleymsku.

Trúarbragðastríðin geisluðu með hléum á árunum 1562 til 1598 og svo aftur á árunum 1621 til 1629 undir heitinu uppreisnir mótmælenda. Þau voru Frökkum enn í fersku minni, ásamt uppreisnum strangkapólskra aðalsmanna á árunum 1648 til 1653. Þessar fylkingar voru þau pólitísku öfl sem franska krúnan átti í útistöðum við í viðleitni sinni til að koma á einveldi. Strangkapólskir aðalsmenn höfðu verið sendir í útleð á tímum Loðvíks 13. en sumir voru náðaðir. Framgangur siðaskiptanna hafði hins vegar verið stöðvaður í fjöldamorðum árið 1572 sem kennd eru við messu heilags Bartólómeusar, þar sem helstu foringjar mótmælenda voru myrtir ásamt fjölda manns. Mótmælendur sættu ofsóknum í landinu allar götur til ársins 1685 þegar Loðvík 14. afnam trúfrelsi og þeir sem ekki skiptu um trú þurftu að flýja land. Hann hafði þá gjörsigrað fylkingarnar tvær. En nöfn þeirra sem borist höfðu á banaspjót lifðu áfram meðal afkomenda

⁴ Gagnlegt yfirlit um höfundarverk Madame de Lafayette má finna í Faith E. Beasley, „Marie-Madeleine Pioche de la Vergne, Comtesse de Lafayette (1634–1693)“, *French Women Writers*, ritstjórar Eva Martin Sartori og Dorothy Wynne Zimmermann, Lincoln: University of Nebraska Press, 1994, bls. 272–284.

⁵ Michèle Cuénin, „Introduction“, Madame de Lafayette, *Histoire de la Princesse de Montpensier, Histoire de la Comtesse de Tende*, Genf: Droz, 1979, bls. 7–30, hér bls. 10.

⁶ Camille Esmein-Sarrazin, „Introduction“, Madame de Lafayette, *Œuvres complètes*, ritstjóri Camille Esmein-Sarrazin, París: Gallimard, ritröð „Bibliothèque de la Pléiade“, 2014, bls. xv–xix.

þeirra við hirðina og saga borgarastríðanna var margskrifuð af sagnariturum sem ýmist voru mótmælendatrúar eða kaþólskir. Þeirra vinsælust var Frakklandssaga Eudes de Mézeray sem meðhöndlaði sögulegar persónur sem skáldaðar sögupersónur þannig að frásögnin einskorðaðist ekki við atburði heldur lýsti hann tilfinningum og hugsunum eins og hann þekkti þær.⁷ Þessi nálgun varð Madame de Lafayette innblástur.

Harmleikir kvenna

Skrifum Madame de Lafayette hefur oft verið líkt við harmleiki, sem var það bókmenntaform sem naut mestrar virðingar á sautjándu öld. Á ritunartíma þeirra smásagna sem hér eru til umræðu hafði skáldskaparfræði Aristótelesar leyst Hóras af hólmi sem helsta viðmið leikskálda. Harmleikjum var ætlað að setja á svið fall hinna máttugu og hlutverk þeirra var að vekja með áhorfendum skelfingu og vorkunn,⁸ þannig að þeir öðlist reynslu án þess að þurfa að ganga sjálfir í gegnum hana. Einn helsti sérfræðingur tuttugustu aldar í verkum Madame de Lafayette hefur skrifað um smásöguna *Greifynjan af Tende* að hún skapi skelfingu en enga vorkunn.⁹ Það er þó ekki víst, því þó stíllinn sé knappur, koma aðstæður greifynjunnar glögg í ljós: hún er ung, umsetin og óvarin.

Á fyrstu blaðsíðu smásögunnar eru persónurnar kynntar til leiks, í þeim knappa stíl sem einkennir skáldskap Madame de Lafayette. Í nokkrum dráttum er sagan staðsett í tíma og rúmi og persónulýsingar gefa til kynna galla sögupersóna og veikleika. Sagan gerist á tímum forræðisstjórnar Katrínar af Medici sem hófst árið 1559, þremur árum áður en fyrsta trúarbragðastríðið braust út. Aðalpersónan er lífleg ung kona af Strozzi-ættinni. Eiginmanni hennar, greifanum af Tende, er lýst sem kaldlyndum; elskhuga hennar, riddaranum af Navarre, sem sérplægnum; vinkonu hennar, prinsessunni af Neufchâtel, sem auðveldri bráð og öll þrjú eru lauslát. Ljóst er að þremenningarnir munu ekki bera hag ungu stúlkunnar fyrir brjósti. Fyrir samtímamenn Madame de Lafayette vöktu nöfn persónanna auk þess hugrenningatengsl um átök trúarbragðastríðanna. Strozzi-ættin barðist hart á móti mótmælendum en hins vegar tengjast ættar- og óðalsnöfnin Tende, Navarre og Neufchâtel sögu mótmælenda.

⁷ Christian Zonza, „L'Histoire de France de Mézeray: des plaisirs du texte aux nécessités de l'histoire“, *Dix-septième siècle*, 1/2010, bls. 97–118, hér bls. 108.

⁸ Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*, þýðandi Kristján Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 53.

⁹ Micheline Cuénin, „La Terreur sans la pitié. 'La Comtesse de Tende'“, *Revue d'Histoire littéraire de la France* 3/1977, bls. 478–499.

Helsta list harmleikjaskáldsins liggur í ritun hvarfa, en persónugerðir (gr. *ethos*) gegna einnig stóru hlutverki og er hroki sá eiginleiki sem verður söguhetjunni að falli. Hvörfin í smásögunni eru sýnd með krossbragði þar sem fall söguhetjunnar fer fram í bilinu milli tveggja setninga sem spegla orðin *virðing* og *dyggð*:

Framan af hafði greifynjunni þótt prinsinn af Navarre sýna henni svo mikla *virðingu* og hún sjálf vera svo *dygðug* að hún hafði hvorki vantreyst honum né sjálfri sér. En tíminn og tækifærin höfðu orðið *dyggð* hennar og *virðingu* hans yfirsterkari og skömmu eftir að hún kom á setrið varð henni ljóst að hún var með barni.¹⁰

Fall greifynjunnar er þegar óafturkræft í lok málsgreinarinnar sem í einfaldleika sínum samsvarar félagslegum dauða. Hér kemur fram helsta stílbragð höfundar, úrdráttur, sem felst í því að nota veikari orð en efni standa til. Barn utan hjónabands gat gefið tilefni til heiðursmorðs sem enn voru framin á sautjándu öld. Slíkar afleiðingar framhjáhalds eru sjaldséðar í bókmenntum þessa tíma. Túlka má hvörfin sem svo að traust ungu konunnar á eigin dyggð og virðingu elskhugans hafi verið sá hroki gagnvart tímanum og tækifærunum sem leiddu til hins harmræna falls.

Játning og dauði

Falli aðalpersónanna í sögulegri sagnagerð Madame de Lafayette hefur verið lýst sem tilbrigðum við stef hjónabandssvika: prinsessan af Clèves byrgir inni ást sína á hertoganum af Nemours eins og henni er unnt; heimkoma prinsins af Montpensier kemur í veg fyrir að prinsessan gefist hertoganum af Guise; greifynjan af Tende á í ástarsambandi við riddarann af Navarre utan hjónabands.¹¹ Þó að hjónabandssvikin séu ýmist í hugsun eða gjörðum, leiða þau í öllum þremur tilfellum til dauða. Allar sögurnar innihalda einhvers konar form af játningu eða afhjúpun sem setja má fram á eftirfarandi hátt:

<i>La Princesse de Clèves</i>	<i>La Princesse de Montpensier</i>	<i>Greifynjan af Tende</i>
Játning	Afhjúpun	Játningarbréf
Deyr í iðrun	Deyr í smán	Deyr af barnsförum

¹⁰ „Greifynjan af Tende“, bls. 193, leturbreyting mín.

¹¹ Camille Esmein-Sarrazin, „Introduction“, bls. xxv.

Eitt af frægustu atriðunum í skáldsögunni *La Princesse de Clèves*, og það sem kom af stað áköfum ritdeilum um bókina, er þegar hin dygduga prinsessa játar fyrir eiginmanni sínum ást sína á öðrum manni og leitar hjá honum athvarfs til að flýja hættuna á því að láta fallast í freistni.

Ég ætla að gera yður játningu sem engin kona hefur nokkurn tíma borið fram fyrir eiginmanni sínum [...] Ég bið yður innilega afsökunar á því að hafa tilfinningar sem angra yður en að minnsta kosti myndi ég aldrei valda yður hugarangri með gjörðum mínum.¹²

Ástin rænir sálarró (fr. *repos*) sem er það ákjósanlega ástand sem standa ber vörð um. Skáldsögunni lýkur þannig að hinn heiðvirði prins veslast upp af afbrýði og deyr úr sorg og prinsessan hafnar elskhuga sínum, sökum þess að ást þeirra hafði orðið völd að dauða góðs manns. Hún iðraðist og iðkaði yfirbót til dauðadags og tekið er fram að hún hafi ekki orðið langlíf. Lokaorð sögunnar eru þessi:

Hún varði hluta ársins í þessu klaustri og hluta á heimili sínu; en hún lifði fábrotnu lífi og iðkaði trú sína ákafar en hún hefði gert í hinni ströngustu trúarreglu. Hún varð heldur skammlíf en óviðjafnanleg dyggð hennar varð öðrum til eftirbreytni.¹³

Þegar greifynjan af Tende aftur á móti játar ást sína á öðrum manni fyrir eiginmanni sínum er það ekki til að leita ásjár hans heldur vegna þess að hún gengur með barn annars manns. Hún gerir ráð fyrir því að eiginmaður henni myrði hana:

Þetta bréf kostar mig líf mitt en ég á skilið að deyja og þrái það. Ég er með barni. [...] Ég mun gera ástand mitt opinbert; feldu skömmina og láttu mig deyja þegar þú vilt og eins og þú vilt.¹⁴

Þessi játning er af alvarlegri toga en játning prinsessunnar af Clèves, enda er um að ræða afdrifaríkar afleiðingar hjúskaparbrots. Hér er greinilega verið að vísa til hefndarmorðs en eiginmenn sem drápu konur til að hefna fyrir hórdómsbrot voru ekki látnir sæta refsingu í Frakklandi á sautjándu öld.¹⁵ Næstsíðasta málsgrein smásögunnar hljóðar svo:

¹² Madame de Lafayette, *La Princesse de Clèves* í *Œuvres complètes*, bls. 419. Mín þýðing.

¹³ Sama rit, bls. 478. Mín þýðing.

¹⁴ Madame de Lafayette, *Greifynjan af Tende*, bls. 195–196.

¹⁵ Michèle Cuénin, „Introduction“, bls. 24.

Hún gaf upp öndina nokkrum dögum síðar og tók dauðanum af meiri gleði en nokkur maður hefur gert. Hún fól skriftaföður sínum að flytja eiginmanninum fregnir af andláti hennar, biðja hann fyrirgefningar og sárþæna hann um að *þurrka út minninguna um hana* enda gæti hún aðeins verið honum til ama.¹⁶

Greifynjan væntir þess að minning hennar verði fordæmd, líkt og henti hina raunverulegu prinsessu af Montpensier. Endalok sögupersónunnar minntu einnig mjög á örlög jafnöldru Madame de Lafayette og systur vinar hennar, hertogaynjunnar af Roquelaure sem lést árið 1657 af barnsförum eftir ástarsamband utan hjónabands, 23 ára að aldri¹⁷.

Samsvarandi játningaratriði er ekki að finna í smásögunni *La Princesse de Montpensier* þar sem eiginmaðurinn kom að henni í félagsskap annars manns að næturlagi. Reyndar var þar um að ræða vin hjónanna sem unni prinsessunni hugástum og ákvað að stíga fram til að taka á sig reiði eiginmannsins og hugsanlega bjarga lífi hennar. Lokaorð sögunnar hljóða á þessa leið:

Þetta reið henni að fullu. Sársaukinn að hafa misst virðingu eiginmanns síns, hjarta elskhuga síns og þann besta vin sem um getur, varð henni ofviða. Hún lést nokkrum dögum síðar, í blóma lífsins, ein fegursta prinsessa veraldar og hefði verið sú hamingjusamasta hefði hún ætíð haft dyggð og varfærni að leiðarljósi.¹⁸

Í sögunum þremur skapar einangrun kvennanna aðstæður sem verða þeim að falli og leiða þær til dauða. Allar þrjár deyja í einsemd og skömm.

Sagan í nöfnunum

Það þótti auðsýnt að *La Princesse de Clèves* væri samtímaspegill – hún lýsir hirðinni og hegðanamynstri aðalsins. Strax og hún kom út reyndu lesendur að geta sér til um hvaða samferðarmenn höfundur hefði haft í huga. Ástæðan var sú að lykil-sögur nutu mikilla vinsælda á sautjándu öld – sögur sem lýstu raunverulegum

¹⁶ Madame de Lafayette, *Greifynjan af Tende*, bls. 198, leturbreyting mín.

¹⁷ Michèle Cuénin, „Introduction“, bls. 22. Sökudólgurinn var markgreifinn af Vardes sem er talinn hafa verið fyrirmynd að leikpersónunni Don Juan í samnefndu leikriti Molières, sjá Daniel Plaisance, „Un galant en Languedoc sous Louis XIV, Mécène et Don Juan: Le Marquis de Vardes (d'après des documents inédits)“, *Littératures* 12/1985, bls. 31–48.

¹⁸ Madame de Lafayette, *La Princesse de Montpensier*, sama rit, bls. 47. Mín þýðing.

persónum á þann hátt að þær voru auðþekkjanlegar þótt nöfnum væri breytt og þær dulbúnar á ýmsa vegu. Skáldsagan *Clélie – rómversk saga* eftir Madeleine de Scudéry var þess konar lykilsaga, og gefin út í einum tíu bindum á árunum 1654–1660. Þar var saga Rómar teygð á ýmsa vegu til að mála upp samkvæmislífið í París, frammámenn og -konur og pólitísk deilumál. Lykilsögur eru einföldun á allegórískum lestri og vitað er að Madame de Lafayette spurðist fyrir um hver væri hver – en hún hefur sjálf tekið annan pól í hæðina.

Sagnasveigar, sem höfðu verið vinsælt bókmenntaform allar götur frá *Tíðagru* Boccacios á fjórtánda öld og *Sjödægru* Marguerite de Navarre á sextánda öld, þróuðust út í hið óendanlega eða því sem næst í barokkskáldsögum á fyrri hluta sautjándu aldar. Hjarðlífsskáldsagan *Astrée*, sem er þeirra frægust, telur meira en 5.000 blaðsíður. Umfjöllun um ástir og afbrýði hjarðmeyja og fjárhirða og gagnrýni á stjórnarhætti konunga í ímynduðum sveitaheimi var ein leið til að greina samfélagsgerð í ljósi nýliðinnar sögu.¹⁹ Hjarðskáldskapur var afar vinsæll á fyrri hluta sautjándu aldar, einnig í leikritagerð.

Í leikhúsunum var löng hefð fyrir því að nota goðsögur og sögu fornaldar til að fjalla um málefni liðandi stundar og nýliðna sögu. Fjarlægðin sem þessi fornu minni fölu í sér gerði skáldum, sviðslistafólki og áhorfendum kleift að sameinast í því að skrifa saman eigin sögu. Leikskáld gátu túlkað þau á ýmsan veg og þar sem áhorfendur þekktu nokkuð vel til þessara sagnabrunna, voru frávik fá sögulegum atburðum merkingarbær. Í þeim fólst pólitísk túlkun skáldanna á nýliðinni sögu. Þar sem sömu minni voru notuð aftur og aftur, höfðu þau öðlast sess meðal áhorfenda sem voru þar með læsir á merkingu frávikanna.

Dæmi um réttlætingu höfundar á frávikum frá sögulegum staðreyndum er formáli leikskáldsins Georges de Scudéry að harmleik sínum *La Mort de César* frá árinu 1635:

Ég verð reyndar að vara þig við því að ég læt Brútus segja hluti sem sagan leggur í munn Decimusar Brútusar Albinusar, en þú skalt ekki halda að þessi nafnatengsl stafi af því að ég rugli þeim saman: ég hef lesið Plútarkos of rækilega til að falla í þá gryfju, sem ég myndi aldrei gera. Hér er um að ræða aðferðir sem við notum í leikhúsinu; dálítið frávik frá sannleikanum sem engu máli skiptir og til þess gert að bæta hlutverk aðalpersónunnar. Ég geri mér grein fyrir því að Brútus á sér

¹⁹ Sjá til dæmis Laurence Giavarini, „*L'Astrée*, 1619. La 'justice' de Louis XIII et les 'lois' de la pastorale“, *Dix-septième siècle* 3/2017, bls. 539–556; einnig Laurence Giavarini, *La Distance pastorale. Usages politiques de la représentation des bergers (XVIe-XVIIe siècles)*, París: Éditions de l'EHESS / Vrin, ritröð „Contextes“, 2010.

áhangendur, sem verða ekki ánægðir með þetta, en fyrir utan það að ég skrifa í konungdæmi en ekki í lýðveldi, þá játa ég að ég er ekki jafn hrifinn og þeir af þessum Rómverja.²⁰

Leikskáldið réttlætti túlkun sína á Brútusi með því að hann skrifaði í konungsveldi en ekki í lýðræði. Þar sem mótmælendur höfðu þá í heila öld samsamað sig rómversku lýðveldissinnunum, var lesendum og áhorfendum ljóst að neikvæð umfjöllun um Brútus, sem tók þátt í samsærinu um að ráða Sesar af dögum, var í raun beint að mótmælendum sem höfðu verið gjörsigraðir nokkrum árum áður (1629).²¹

Útgefandi smásögunnar *La Princesse de Montpensier* gerir á sama hátt lítið úr frávikum höfundar frá sögulegum staðreyndum:

Höfundurinn hafði í huga að skrifa, sér til skemmtunar, ævintýri sem skálduð voru til gamans, [...] Í þeirri fullvissu að orðstír frúarinnar af Montpensier biði ekki hnekki sökum frásagnar sem sannarlega er upp-spunnin...²²

Ólíkt frásögnunum af dauða Júlíusar Sesars, er hér hins vegar ekki hægt að leita í gögn til að bera saman framsetningu Madame de Lafayette við líf hinnar raunverulegu prinsessu af Montpensier. Minning hennar hafði verið máð úr opinberum skjölum, ekkert bréfa hennar er varðveitt og meira að segja dánardagur hennar er óþekkt, sem er mjög óvenjulegt fyrir konu af svo háum stigum.²³ Hennar er ekki getið á giftingarvottorði einkasonar síns en tengdforeldrar hans eru úndaðir þó að eiginkonan hafi verið af lægri stigum en hann. Talið er að Renée d'Anjou, prinsessa af Montpensier, hafi verið dæmd til gleymsku en að saga hennar hafi lifað í munnlegri geymd.²⁴ Saga hinnar raunverulegu prinsessu af Montpensier minnir þannig á bréf greifynjunnar af Tende í samnefndi smásögu til eiginmanns síns þar sem hún býður honum að þurrka út minninguna um hana. Hvað varðar hina raunverulegu Clarice Strozzi, greifynju af Tende,

²⁰ Georges de Scudéry, „Til lesandans“, *Le Prince déguisé. La Mort de César*, ritstjórar Éveline Dutertre og Dominique Moncond'Huy, París: Société des Textes Français Modernes, 2008, bls. 196. Mín þýðing.

²¹ Sjá bók mína, *La Guerre civile dans la tragédie française (1550–1650). Poétique et politique*, París: Classiques Garnier, ritöð „Études et essais sur la Renaissance“, 2024.

²² „Frá útgefanda til lesenda“ í Madame de Lafayette, *La Princesse de Montpensier*, í *Œuvres complètes*, bls. 49. Mín þýðing.

²³ Michèle Cuénin, „Introduction“, bls. 15.

²⁴ Sama rit, sami staður.

greinir heimildir á. Hún er ýmist talin hafa drukknað ung af slysförum eða misst heilsuna eftir að hafa næstum drukknað og dáið ung.²⁵

Það eru hins vegar frávikin um greifann af Tende í blálok sögunnar sem hrópa á athygli:

Þegar greifinn af Tende fékk þessar fréttir fann hann til samúðar og jafnvel dálítillar vorkunnsemi en gladdist þó um leið. Þótt hann væri enn ungur að árum kaus hann að ganga aldrei aftur í hjónaband og hann náði hárrí elli.²⁶

Því fór fjarri að greifinn af Tende hefði verið frábitinn konum, því hann kvæntist aftur eftir andlát Clarice Strozzi og var þvert á móti þekktur fyrir að vera hrifinn af konum.²⁷ Það sem mestu máli skiptir var þó að hann dó ekki í hárrí elli, heldur 34 ára að aldri og hefur líklega verið byrjað eitru að fyrirskipan Karls 9. Frakkakonungs. Ástæðan var sú að greifinn var landstjóri í Provence-héraði og þegar hann fékk fyrirmæli, eins og aðrir landstjórar í kjölfar fjöldamorðanna í París sem kennd eru við messu heilags Bartólómeusar, um að láta myrða alla mótmælendur í héraðinu, neitaði hann að framfylgja þeim. Það gerðu einnig landstjórnarnir í Bourgogne og í Languedoc.²⁸ Sjálfur var hann kaþólskur, en faðir hans og bróðir voru mótmælendatrúar. Madame de Lafayette var í lófa lagið að gera sér mat úr slíkri hetjudáð. Í staðinn breytir hún sögunni. Fyrir lesendur sem ekki þekkja sögu Honorat de Savoie, greifa af Tende, er þessi endir á smásögunni í besta falli furðulega snubbóttur. Fyrir þá sem til þekktu, hlýtur hann að hafa virkað eins og raflost.

Sögulegir viðburðir eru fyrst og fremst í bakgrunni í sögum Madame de Lafayette en einu sinni eltir sagan persónurnar uppi: það er þegar hinn tryggj vinur prinsessunar af Montpensier er myrtur í tengslum við fjöldamorðin á messu heilags Bartolomeusar. Blóðbaðsins er minnst í mýflugumynd: „þessi hræðilegu fjöldamorð sem vakið hafa hrylling í allri Evrópu“.²⁹ Karl 9. er gerður ábyrgur fyrir fjöldamorðinum – það er skrifað beinum orðum án þess að við það sé staldrað – og þvert á áróður jesúíta sem fólst í því að hvítþvo konunginn

²⁵ Brantôme, *Vies des hommes illustres et grands capitaines étrangers* (1666) í Madame de Lafayette, *Œuvres complètes*, bls. 79.

²⁶ Madame de Lafayette, *Greifnynjan af Tende*, bls. 198, leturbreyting mín.

²⁷ Le Laboureur, *Additions aux « Mémoires » de messire Michel de Castelnau, seigneur de Mauvissière* (1659), í Madame de Lafayette, *Œuvres complètes*, bls. 82.

²⁸ Sama rit, sami staður.

²⁹ Madame de Lafayette, *La Princesse de Montpensier*, í *Œuvres complètes*, bls. 46. Mín þýðing.

en kenna ráðgjöfum hans um ódæðið. Hvað varðar fjöldamorðin, er ekki undarlegt að þau fari hljótt um grund í þessum ástarsögum. Í fyrsta lagi eru þau ekki skáldleg. Í öðru lagi er um að ræða svartan blett í sögunni. Kenningar um áföll og bókmenntir hafa sýnt fram á að atburðir af þeim mælikvarða sem hér um ræðir lifi með fólkinu og afkomendum þess – og komi fram í besta falli í listum en að öðrum kosti sem endurlit. Madame de Lafayette tæpir létt á atburðunum enda óþarfi að dvelja við þá – minning þeirra varðveittist í nöfnum sögupersónanna.

Madame de Lafayette og vinum hennar stóð málstaðurinn nær. Þau voru tengd jansenistum³⁰ sem var sértrúarhópur innan kaþólsku kirkjunnar. Kenningar jansenista líktust að mörgu leyti hugmyndum mótmælenda og margir afkomendur mótmælenda sem höfðu tekið kaþólska trú höfðu gengið í söfnuð jansenista. Þeir vildu þó ekki vera bendlaðir við mótmælendur enda sættu þeir ofsóknum.³¹ Loðvík 14. lét samt ekki blekkjast, bannaði jansenisma og fyrirskipaði niðurrif klausturs þeirra í Port-Royal árið 1711.

* * *

Hið pólitíska í sögulegum bókmenntaverkum birtist í frávikum frá sögulegum staðreyndum. Í þjóðfélagi sem enn var í sárum eftir borgaraleg átök, voru sögulegar persónur sextánda aldar til þess fallnar að taka til umfjöllunar minningar trúarbragðastríðanna. Í menningu leyndarmála og þöggunar sem ríkti við hirð Loðvíks 14. skipti máli það sem undir bjó og ekki var sagt með berum orðum.

Vitað er að vinnuheiti nóvellunnar *La Princesse de Clèves* var *Le Prince de Clèves*.³² Á svipaðan hátt má líta svo á að sagan um greifinjuna af Tende feli í sér söguna um greifann af Tende, eins og í samspili ljóss og skugga í málverki þar sem aðalatriði verksins eru í bakgrunni, sýnileg öllum en læsileg einungis þeim sem til þekkja. Þannig má segja að Madame de Lafayette kalli fram minningar þeirra sem dæmd voru til gleysku: Renée d'Anjou, prinsessunnar af Montpensier, fyrir glæp sem við þekkjum ekki því minning hennar var þurrkuð út, hertoga-

³⁰ Sjá til dæmis Philippe Sellier, *Port-Royal et la littérature*, 2. bindi, París: Honoré Champion, 2012, bls. 201–213.

³¹ Um tengsl jansenisma og mótmælendatrúar, sjá *Port-Royal et les protestants*, ritstjórar Christian Belin, Hubert Bost, Claude Lauriol, Antony McKenna og Laurent Thirouin, París: Bibliothèque Mazarine, 1998.

³² Camille Esmein-Sarrazin, „*La Princesse de Clèves*. Notice“, í Madame de Lafayette, *Œuvres complètes*, bls. 1292–1330, hér bls. 1292.

ynjunnar af Roquelaure sem nýlega hafði látist af barnsförum og skömm, og Honorat de Savoie, greifans af Tende, fyrir að óhlýðnast fyrirmælum konungs og þyrma lífi mótmælenda í héraðinu sem hann stjórnaði í Suður-Frakklandi.

* * *

Segja má að ýmsar leiðir séu færar til að greina hið pólitíska í sögulegum smásögum og nívellu Madame de Lafayette. Í fyrsta lagi má taka bókstaflega hina allegórísku og íkónógrafísku hugsun sem einkennir list endurreisnartímans og sautjándu aldar. Ættar- og óðalsnöfn tengjast og segja sögu landsins og fólksins sem þar bjó – og í sögulegu smásögunum eru mörk skáldskapar og sannsögulegra viðburða óræð³³ og bjóða þannig upp á virka túlkun lesandans. Í öðru lagi, eins og franskí bókmenntafræðingurinn Hélène Merlin-Kajman hefur sýnt, var þema afbrýði í listum sautjándu aldar tungumál valds. Þetta kemur fram jafnt í speglasalum í Versölum og í hjarðlífsbókmenntum og -sviðslistum.³⁴ Í þriðja lagi skrifar Madame de Lafayette sögur sínar samkvæmt lögmálum Aristótelesar um ritun harmleikja þar sem algengt er að aðalpersónan sé kona í samnefndu leikriti (Antígóna, Hekúba...). Sögulegar smásögur og nívella Madame de Lafayette bera einnig nöfn kvenhetja sem á verður yfirsjón og þær falla og deyja. Í harmleikjum standa örlög hinnar tignu konu fyrir þjáningu hinna sigruðu.³⁵ Ef við gefum okkur að smásögur Madame de Lafayette lúti sömu lögmálum fá þær víðtækari skírskotun. Þannig mætti með tólum minnisfræða og áfallafræða, sem ekki voru tiltæk þegar Michele Cuénin gerði rannsókn sína á áttunda áratug síðustu aldar, líta á sögulega sagnagerð Madame de Lafayette sem gagnrýnni skáldskap en áður hefur verið talið – og um leið pólitískari. Það var því kannski til að hlífa vini sínum, fræðimanninum Gilles Ménage, sem skáldkonan skrifaði honum að hún þyrfti ekki hans hjálpar við til að semja þessa stuttu sögu og kannski þess vegna sem smásagan var ekki gefin út fyrr en eftir hennar dag og að látnum Loðvíki 14.

³³ Enrica Zanin, *Fiction et vérité. L'éthique du récit de Boccace à Madame de Lafayette*, Genf: Droz, ritröð „Travaux du Grand Siècle“, 2025, bls. 363.

³⁴ Hélène Merlin-Kajman, „Introduction“, *Dix-septième siècle*, 2022/2, n° 295, bls. 197–204, sjá einnig þemaheftið allt.

³⁵ Sjá til dæmis Nicole Loraux, *La Cité divisée. L'oubli dans la mémoire d'Athènes*, París: Payot, ritröð „Critique de la politique“, 1997; og Nicole Loraux, *La Voix endeuillée. Essai sur la tragédie grecque*, París: Gallimard, ritröð „NRF Essais“, 1999.

ÚTDRÁTTUR

Sögulega smásagan *Greifnjan af Tende* eftir Madame de Lafayette (1634–1693) kom nýverið út í íslenskri þýðingu í smásagnasafninu *Fríða og dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*. Fjallað verður um söguna og hún sett í samhengi við smásöguna *La Princesse de Montpensier* og sögulegu nóvelluna *La Princesse de Clèves* eftir sama höfund sem báðar teljast með merkustu bókmenntaverkum sautjándu aldar. Allar sögurnar þrjár gerast við hirðir síðustu Valois-konunganna á tímum trúarbragðastríðanna, um hundrað árum fyrir ritunartíma þeirra. Skáldskaparfræðileg greining á frávikum höfundar frá sögulegum staðreyndum leiðir í ljós að eitt af því sem fyrir skáldkonunni hefur vakað, hefur verið að minnast kvenna sem dæmdar höfðu verið til gleymsku og afreka sem kenna mætti við borgaralega óhlýðni.

Lykilorð: sögulegar bókmenntir, franskar bókmenntir sautjándu aldar, minni og bókmenntir, bókmenntir og tráma, borgarastyrjöld

ABSTRACT

Chiaroscuro in Madame de Lafayette's historical fiction or the untold story of the Count of Tende

The historical short story *The Comtesse de Tende* by Madame de Lafayette (1634–1693) was recently published in Icelandic translation in the short story collection *Fríða og dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda* [Beauty and the Beast. French Early Modern Short Stories and Fairy Tales]. The story is analyzed in context with the short story *The Princesse de Montpensier* and the historical novella *The Princesse de Clèves* by the same author, both of which are considered among the most significant French literary works of the seventeenth century. All three stories take place at the court of the last Valois kings during the French Wars of Religion, about a hundred years before the time of their writing. A literary analysis of the author's deviations from historical facts reveals that one of the things that seems to have preoccupied the author was to commemorate women who had been condemned to oblivion and achievements that today could be qualified as civil disobedience.

Keywords: historical fiction, French early modern literature, memory and literature, trauma and literature, civil war

GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR

Nýdoktor og stundakennari í frönskum bókmenntum og menningu

Mála- og menningardeild

Háskóla Íslands

gudrunkr@hi.is